

Stjórn Fiskeldissjóðs var skipuð 15. febrúar 2021 í samræmi við lög nr. 89/2019 og var fyrsti fundur stjórnar haldinn 11. mars s.á. Reglugerð um Fiskeldissjóð nr. 781/2021 var sett 29. júlí 2021.

Sjóðurinn hafði 105 milljónir króna til úthlutunar á árinu 2021. Auglýst var eftir umsóknum þann 12.06.2021 og lauk umsóknarfresti þann 30.08.2021.

Fiskeldissjóði bárust 14 umsóknir frá sjö sveitarfélögum að fjárhæð samtals 239 milljónir króna:

- | | |
|---|---|
| 1) Tálknafjarðarhreppur: Endurbætur á hafnarsvæði á Tálknafirði | 8) Vesturbyggð: Vatnsöryggi Bíldudal og Patreksfirði |
| 2) Múlaping: Gleðivík, Djúpavogi, Múlapingi (deiliskipulag) | 9) Bolungarvíkurkaupstaður: Uppbygging á hafnarsvæði í Bolungarvík (bryggjukrani) |
| 3) Múlaping: Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi | 10) Bolungarvíkurkaupstaður: Hraðhleðslustöð í Bolungarvík |
| 4) Vesturbyggð: Gönguvænni Patreksfjörður (gangstéttagerð) | 11) Fjarðabyggð: Leikskólinn Dalborg, Eskifirði |
| 5) Vesturbyggð: Asbest vatnslögn Bíldudal (fjarlægja asbest lagnir) | 12) Strandabyggð: Útisvið við Steinshús |
| 6) Vesturbyggð: Kolabryggjan Patreksfirði (sjótengd útivist) | 13) Strandabyggð: Jarðhitarannsóknir á Nauteyri |
| 7) Vesturbyggð: Bæjarmynd Bíldudals | 14) Ísafjarðarbær: Endurnýjun vatnslagnar í Staðardal |

Stjórn sjóðsins fundaði sex sinnum til að fara yfir og meta umsóknir á tímabilinu 1.–16. september 2021. Sjóðnum ber að leggja faglegt mat á umsóknir og verkefni og forgangsraða þeim í samræmi við hlutverk sjóðsins og áherslur stjórnar hverju sinni. Þær áherslur koma fram í 4. gr. úthlutunarreglna sjóðsins og eru við úthlutun 2021:

1. Styrkari samfélagsgerð (menntun, menning, íbúapróun)
2. Uppbygging innviða (atvinnulíf, þjónusta)
3. Loftslagsmarkmið og umhverfisvernd (fráveita, orkuskipti, vatnsveita)
4. Tenging við sjókvíaeldi (hafnir, aðstaða í landi)
5. Nýsköpun hverskyns, tengd ofangreindum þáttum.

Við mat á umsóknum ber sjóðnum einnig leggja áherslu á þörf fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu á umsóknarsvæðum og raunhæfni áætlana, sbr. 2. mgr. 8. gr. rg. nr. 781/2021. Metið var að hversu miklu leyti hver umsókn félli að hverjum og einum áherslupætti. Forgangsröðun matsþátta kom fram á matsblaði sem stjórn studdist við og er hluti af úthlutunarreglum.

Stjórn sjóðsins skipti matsþáttum í tvo fasa. Í fyrri fasa voru skoðaðir tveir þættir; lýsing á markmiði verkefnisins og framkvæmdar- og kostnaðaráætlun. Gerð var krafa um að lýsing á markmiði verkefnisins væri skýr og vel skilgreind, enn fremur að framkvæmdar- og kostnaðaráætlun væri vel unnin, raunhæf og fjármögnun trúverðug. Ef svo var ekki, var umsóknin ekki metin styrkhæf og fékk ekki nánari umfjöllun.

Í síðari fasa voru verkefni, sem uppfyllt höfðu áður nefndar kröfur, metin skv. áður nefndum fimm matsþáttum sem endurspeglu áherslur sjóðsins. Voru áhrifin metin eftir því hvort þau væru *engin áhrif, lítil, nokkur* eða *mikil* áhrif.

Samþykktar umsóknir námu 120,7 m.kr. Ráðstöfunarfé til úthlutunar var 105 milljónir króna, og því voru styrkfjárhæðir skertar hlutfallslega í samræmi við forgangsröðun stjórnar. Eftirfarandi fimm verkefni í fjórum sveitarfélögum hlutu styrk

Fjarðabyggð: Leikskólinn Dalborg, Eskifirði	kr. 42.583.578
Ísafjarðarbær: Endurnýjun vatnslagnar í Staðardal	kr. 20.439.408
Múlþing: Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi	kr. 28.064.925
Vesturbyggð: Fjarlægja asbest vatnslögn Bíldudal	kr. 6.929.723
Vesturbyggð: Vatnsöryggi Bíldudal og Patreksfirði	kr. 6.982.366

Stjórnin metur það svo að verkefnin sem hljóta styrk að þessu sinni falli öll vel að áherslum sjóðsins og séu til þess fallin að styrkja innviði sveitarfélaga og atvinnulíf á þeim svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað.

Stjórn sjóðsins var samstiga í mati á umsóknum og var yfirferð umsókna skilvirk. Stjórn sjóðsins metur það svo að aðferðafræðin sem beitt var við mat á umsóknum hafi gefist vel og stefnir stjórnin að því að beita sambærilegri aðferðafræði við úthlutun á næsta ári.